

ERINDISBRÉF

heilsugæslulækna.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Heilsugæslulæknar starfa við heilsugæslustöðvar, sem eru þrenns konar:

H2-stöð, þar sem starfa tveir læknar hið minnsta. Þar starfar læknaráð og er formaður þess yfirlæknir stöðvarinnar. H1-stöð, þar sem starfar einn læknir.

H-stöð, þar sem læknir hefur reglubundna móttöku sjúklinga. Þjónusta heilsugæslulækna á H-stöð fer eftir nánari fyrirmælum heilbrigðisráðuneytis í samráði við viðkomandi héraðslækni.

2. gr.

Heilsugæslulæknir má veita forstöðu eða starfa við sjúkrahús, sem rekið er í starfstengslum við heilsugæslustöð, svo og aðrar sjúkrastofnanir, samkvæmt sérstakri heimild heilbrigðisráðuneytis.

3. gr.

Heilsugæslulæknir er skipaður af ráðherra að fengnum tillögum stöðunefndar. Setja má lækni í starf við heilsugæslustöð tiltekinn tíma en þó ekki lengur en til eins árs í senn.

Heilsugæslulæknir tekur laun úr ríkissjóði.

Heilsugæslulæknir er í störfum sínum ábyrgur gagnvart ráðherra. Heilsugæslulæknir skal hafa nána samvinnu við stjórn heilsugæslustöðvar.

Yfirlæknir er stjórninni til ráðgjafar um málefni heilsugæslustöðvar, fjármál og starfsmannahald og skal stuðla svo sem kostur er að hagkvæmum og markvissum rekstri. Honum er heimilt að sitja fundi stjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

II. Um embættisstörf.

4. gr.

Heilsugæslulæknir (yfirlæknir) annast hver á sínu starfssvæði framkvæmd opinberra heilbrigðisráðstafana samkvæmt lögum og fyrirmælum ráðherra og undir faglegu eftirliti landlæknis. Þar sem fleiri en einn læknir starfa saman á heilsugæslustöð skulu þeir hafa nána samvinnu undir forystu yfirlæknis. Heilsugæslulæknir (yfirlæknir) hefur faglega umsjón með allri lækningastarfsemi heilsugæslustöðvar.

5. gr.

Heilsugæslulæknir skal hafa vakandi auga með hverju því sem miðar til eflingar almennri heilbrigði íbúanna og gerir sér far um að leiðbeina þeim um allt þar að lútandi.

6. gr.

Heilsugæslulæknir hefur með höndum sjúkdómavarnir samkvæmt sérstökum lögum og reglum og öðrum opinberum fyrirmælum, sem um það gilda á hverjum tíma:

1. Farsóttavarnir samkvæmt farsóttalögum, sóttvarnarlögum og reglugerðum samkvæmt þeim.
2. Berklavarnir samkvæmt berklavarnalögum.
3. Kynsjúkdómavarnir samkvæmt lögum um varnir gegn kynsjúkdómum.

4. Sullaveikivarnir samkvæmt lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki og reglugerð samkvæmt þeim.
5. Atvinnusjúkdómavarnir samkvæmt gildandi lögum og reglum.
6. Varnir gegn dýrasjúkdómum, sem mönnum getur stafað hættu af, í samvinnu við dýralækna, samkvæmt lögum og reglum er um þá sjúkdóma gilda.
7. Varnir gegn öðrum og ótöldum sjúkdómum samkvæmt lögum, sem um þá gilda eða sett kunna að verða.

7. gr.

Heilsugæslulæknir annast eða hefur umsjón með hvers konar ónæmisaðgerðum í samræmi við lög og reglur og önnur opinber fyrirmæli er um þær gilda á hverjum tíma. Hann skal hvetja íbúa heilsugæslusvæðis til að sinna ónæmisaðgerðum í samræmi við leiðbeiningar landlæknis.

8. gr.

Heilsugæslulæknir annast eða hefur umsjón með hvers konar heilsuverndarstarfsemi á starfssvæði sínu í samráði við stjórn og starfsfólk stöðvarinnar.

Aðalgreinar heilsuverndar eru:

1. Mæðravernd.
2. Ungbarna- og smábarnavernd.
3. Heilsugæsla í skólum.
4. Berklavarnir.
5. Kynsjúkdómavarnir.
6. Geðvernd, áfengis- og aðrar fíkniefnavarnir.
7. Sjónvernd.
8. Heyrnarvernd.
9. Heilsuvernd aldraðra.
10. Hópskoðanir og skipulögð sjúkdómaleit.
11. Umhverfisheilsuvernd (heilbrigðiseftirlit)
12. Atvinnusjúkdómavarnir.

9. gr.

Heilsugæslulæknir skipuleggur ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf, barneignir, fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, sbr. lög nr. 25/1975, í samráði við landlækni og skólayfirlækni eftir því sem við á.

10. gr.

Heilsugæslulæknir ber að gefa út dánarvottorð sé hann krafinn um það í samræmi við 3. gr. laga nr. 64/1962 um dánarvottorð, en gæta skal hann ákvæða 10. gr. sömu laga um mannskaðaskýrslur og andvana fædd börn. Heilsugæslulæknir (í Reykjavík borgarlæknir) skal ásamt löggæslumanni annast skoðun fundinna líka eða manna sem látist hafa vofveiflega, samanber lög nr. 42/1913 um „mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum“ og reglugerðir, sem settar eru með stoð í þeim lögum.

11. gr.

Heilsugæslulæknar eru faglegir ráðunautar heilbrigðisnefnda á starfssvæði sínu. Þeir skulu sitja heilbrigðisnefndarfundi á starfssvæðinu.

12. gr.

Heilsugæslulæknir (yfirlæknir) lætur hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd og landlækni, svo fljótt sem við verður komið, í té upplýsingar um matareitranir, sem upp kunna að koma, og um aðra sjúkdóma, sem ætla má að berist með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum.

III. Um skýrslugerð.

13. gr.

Yfirlæknir hefur umsjón með færslu heilsufarsskráa stöðvarinnar á þar til gerð eyðublöð, eftir fyrirmælum landlæknis,

14. gr.

Heilsugæslulækni (yfirlækni) ber að tryggja að ekki hafi aðrir aðgang að upplýsingum í heilsufarsskrám en það starfsfólk stöðvarinnar sem hann telur nauðsynlegt vegna starfa þess. Honum ber að brýna þagnarskyldu fyrir starfslíði stöðvarinnar.

15. gr.

Heilsugæslulæknir (yfirlæknir) skal sjá um skráningu og tilkynningar um smitsjúkdóma eftir fyrirmælum landlæknis.

16. gr.

Eftirtaldar skýrslur skal heilsugæslulæknir (yfirlæknir) gera eða sjá um að séu gerðar:

- 1.1. Ársskýrsla, yfirlit um heilsufar og heilbrigðismál.
- 1.2. Skýrsla um smitsjúkdóma o. fl.
- 1.3. Skýrsla um atvinnusjúkdóma.
- 1.4. Skýrsla um ýmsa sjúkdóma samkvæmt nánari fyrirmælum.
- 1.5. Skýrsla um fatlaða og þroskahefta.
- 2.1. Skýrsla um mæðravernd.
- 2.2. Skýrsla um fæðingar.
- 2.3. Skýrsla um barnavernd.
- 2.4. Skýrsla um berklavarnir.
- 2.5. Skýrsla um skólaeftirlit.
- 2.6. Skýrsla um ónæmisaðgerðir.
- 2.7. Skýrsla um heilbrigðisstofnanir.
- 2.8. Yfirlit um starfsemi heilsugæslustöðvar.

Skýrslum fyrir liðið ár skal vera lokið og skilað til landlæknis eigi síðar en í apríllok næsta ár. Um skil á skýrslum um skólaeftirlit gilda þó ákvæði 30. gr. reglugerðar um heilsuvernd í skólum nr. 214/1958.

17. gr.

Ráðherra getur ákveðið frekari skýrslugerðir en í 16. grein.

IV. Um almenn læknisstörf.

18. gr.

Heilsugæslulæknir stundar almennar lækningar á starfssvæði sínu og sinnir hverjum þeim, sem til hans leitar í lækniserindum.

19. gr.

Aðkallandi sjúkravitjunum er heilsugæslulækni skylt að sinna, hvenær sem þess er leitað, hvort heldur á nóttu eða degi, nema hann sé bundinn við önnur læknisverk sem eru meira aðkallandi, eða hann sjálfur sjúkur.

Þar sem fleiri en einn læknir starfa á heilsugæslustöð, eða þar sem starfssvæði hafa verið sameinuð í stærri vaktssvæði, skipta lækna með sér nætur- og helgidagavöktum og á fyrri málsgrein þá aðeins við vakthafandi lækni.

20. gr.

Heilsugæslulæknir á H1-stöð hefur samráð við héraðslækni um orlof og umsamið námsleyfi. Yfirlæknir skipuleggur orlof (og umsamið námsleyfi) lækna stöðvarinnar.

V. Um lyfjasölu heilsugæslulækna.**21. gr.**

Á starfssvæðum heilsugæslustöðva, þar sem ekki eru lyfjabúðir eða lyfjaútibú, ber heilsugæslulæknir (yfirlæknir) ábyrgð á lyfjasölu.

22. gr.

Lyfsölu lækna skal reka í samræmi við lög og reglugerðir um lyfjamál.

VI. Lokaákvæði.**23. gr.**

Ráðherra má undanþiggja heilsugæslulækna í Reykjavíkurhéraði störfum að einstökum verkefnum, sem talin eru upp í II. og III. kafla þessa erindisbréfs, enda sé fyrir þeirri þjónustu séð í öllu héraðinu með verkaskiptingu og samvinnu heilsugæslustöðva og annarra heilbrigðisstofnana. Einnig má undanþiggja heilsugæslulækna í öðrum héruðum einstökum störfum, enda sé þeim sinnt á viðunandi hátt innan héraðs.

24. gr.

Komi til ágreinings milli heilsugæslulækna og annars starfslíðs heilsugæslustöðvar eða heilsugæslulækna og stjórnar heilsugæslustöðvar um efni erindisbréfs þessa skal leitað úrskurðar heilbrigðisráðuneytisins.

25. gr.

Erindisbréf þetta er sett með stoð í 19. gr. 3. tölulið laga nr. 57/1978 og öðlast gildi 1. janúar 1980. Jafnframt er numið úr gildi erindisbréf héraðslækna nr. 35/1964.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 4. febrúar 1980.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum hörpu-diski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpu-diski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1980:

| | U.S. \$ pr. lb. eif. |
|---------------------------------|----------------------|
| Lausfrystur hörpu-diskur | 2.85 |
| Blokkfrystur hörpu-diskur | 2.65 |
| Rauður hörpu-diskur | 1.55 |

Verðbil verður 5%.